

Júlí 2020



Ársskýrsla utanríkis- og þróunar- samvinnuráðherra 2019



Ársskýrsla utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25 – 105 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Júlí 2020

Ábyrgðarmaður: Guðlaugur Þór Þórðarson
Umsjón: Utanríkisráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson
& Einar Guðmundsson

© 2020 – Utanríkisráðuneytið

Efnisyfirlit

Traust og öflug utanríkisþjónusta	4
Samantekt um starfsemi ráðuneytisins	7
Skipurit utanríkisráðuneytisins	7
Ráðstöfun varasjóðs	8
Rekstur og fjárfestingar	9
Málefnasvið	11
Heildarútgjöld málefnasviða og málaflokka	12
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	14
Þróun markmiða og mælikvarða	14
Staða aðgerða eftir málaflokkum	14
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	40
Stiklað á stóru í starfsemi ráðuneytisins 2019	41



Traust og öflug utanríkisþjónusta

Áttatíu ára afmæli utanríkisþjónustunnar 10. apríl síðastliðinn bar upp á tímum sem með réttu hafa verið kallaðir fordæmalausir; þegar COVID-19 heimsfaraldurinn hafði af fullum þunga riðið yfir heimsbyggðina og þjóðir heims stóðu ekki aðeins frammi fyrir alvarlegri heilsufarsógn, heldur mögulega mestu heimskreppu okkar tíma. Margt hefur breyst á þeim átta áratugum frá því Íslendingar ákváðu að taka meðferð utanríkismála í eigin hendur, en meginhlutverkið er óbreytt: að standa vörð um hagsmuni lands og þjóðar á erlendum vettvangi.

Mikilvægi þessa hlutverks hefur sjaldan komið eins rækilega í ljós og á nýliðnum vikum, þegar starfsfólk utanríkisþjónustunnar heima og erlendis hefur unnið þrotlaust að því að aðstoða um tólf þúsund Íslendinga sem voru erlendis þegar faraldurinn braust út.

Átján mánaða setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna lauk um síðustu áramót. Hún er eitt veigamesta hlutverk Íslands á alþjóðavettvangi. Framganga okkar vakti verðskuldaða eftirtekt, ekki síst þegar ráðið samþykkti ályktun sem Ísland lagði fram um stöðu mannréttindamála á Filippseyjum og þegar Ísland fór fyrir hópi ríkja í gagnrýni á mannréttindaástandið í Sádi-Arabíu. Forystuhlutverk okkar í mannréttindaráðinu var að vissu leyti prófsteinn á það hvernig íslenska utanríkisþjónustan tekst á við stór og vandasöm verkefni. Með réttu má segja að hún hafi staðist þá prófraun með miklum sóma.

Á síðasta ári kynnti utanríkisráðherra Alþingi í fyrsta sinn sérstaka skýrslu um EES-samninginn, sem undirstrikar mikilvægi þessa einstaka samnings sem hefur gjörbreytt íslensku viðskiptaumhverfi á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er frá gildistöku hans. Á sama tíma hefur utanríkisráðuneytið lagt áherslu á að byggja upp enn nánara samstarf við Bandaríkin, stærsta einstaka markað íslenskra útflytjenda. Hagsmunagæsla Íslands vegna útgöngu Breta úr Evrópusambandinu hefur einnig verið forgangsmál og senn mun Ísland hefja samningaviðræður við Bretland um framtíðarsamskipti ríkjanna.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin eru sem fyrr hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu. Breytt öryggisumhverfi í Evrópu kallar á aukinn viðbúnað í heimshluta okkar, sem skýrir umtalsverðar framkvæmdir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og sýnir fram á nauðsyn viðhalds á varnarmannvirkjum hér á landi. Eins hefur samvinna Íslands við aðrar norrænar þjóðir, auk Bretlands og fleiri ríkja, orðið umfangsmeiri og nánari.

Á vettvangi Norðurskautsráðsins, þar sem Ísland tók við tveggja ára formennsku í maí 2019, gefst Íslendingum einnig tækifæri til að halda á lofti áherslumálum sem tengjast sjálfbærri þróun, málefnum hafsins, loftslagsmálum og endurnýjanlegri orku, ásamt fólki og samfélögum á norðurslóðum. Ísland á ríkra hagsmuna að gæta í hagfelldri þróun þessa mikilvæga svæðis. Formennska okkar í ráðinu dregur athygli að Íslandi, eykur vægi landsins á alþjóðavettvangi og getur þannig stuðlað að því að áherslur okkar á sjálfbæra þróun fái aukinn hljómgrunn.

Þróunarsamvinna hefur fengið aukið vægi innan ráðuneytisins og Alþingi samþykkti fyrir ári nýja stefnu í málaflokknum sem endurspeglar áherslur Íslendinga um að nýta sértæka þekkingu okkar til uppbyggingar innviða og atvinnuvega í þróunarríkjunum.



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra


Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Ársskýrsla utanríkisráðherra byggist á fyrirmælum í lögum um opinber fjármál og er þetta í annað sinn sem slík skýrsla er birt. Í skýrslunni er gerð grein fyrir raun-útgjöldum, aðgerðum og þeim árangri sem náðst hefur í átt að settum markmiðum undir þeim málefnasviðum og málaflokkum sem heyra undir ráðherra.

Utanríkisþjónustan gætir hagsmuna almennings og atvinnulífs á erlendri grund og vinnur að framgangi grunnilda íslensks samfélags á heimsvísu. Borgarþjónustan veitir íslenskum ríkisborgurum erlendis aðstoð þegar á þarf að halda, víðtækir viðskipta-samningar opna íslenskum fyrirtækjum markaði, varnarsamstarf tryggir öryggi borga-ranna og með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi og þróunarsamstarfi vinnur utanríkis-þjónustan að því að efla virðingu fyrir mannréttindum allra, velsæld og friði.

Skipurit utanríkisráðuneytisins



Utanríkisþjónustan greinist annars vegar í utanríkisráðuneytið og hins vegar í sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur sem nefnast einu nafni sendiskrifstofur. Alls starfa nú 291 manns í utanríkisþjónustunni og þeim hefur fjölgað um þrjá frá árinu á undan. Af þessum 291 starfsmönnum störfuðu 155 hér á landi og 136 erlendis, þar af voru 76 staðarráðnir og 60 útsendir starfsmenn.

Fjölgun starfsfólks á árinu skýrist að mestu af tímabundnum verkefnum og undirbúningi fyrir þau. Þar má nefna formennsku í Norðurskautsráðinu, hagsmunagæslu vegna Brexit, formennsku í Norðurlandaráði og stjórnarsetu í Alþjóðabankanum. Sendiskrifstofur Íslands eru nú 26 í 22 löndum, þar af eru 17 tvíhliða sendiráð, fimm fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur.

Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild, hefur reynst hagkvæmt og leiðir til betri nýtingar fjármuna, meðal annars með sameiginlegri stoðþjónustu og skýrari yfirsýn yfir reksturinn. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á sendiskrifstofum Íslands og tryggja að störfin skiptist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ólíkt því sem áður var er kynjahlutfallið nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamentaðra fulltrúa. Í ráðuneytinu eru 36 sendiherrar, þar af 24 karlar, 12 konur og þrír sendiherrar eru í launalausum leyfi.

Kjöræðismenn Íslands, sem ekki þiggja laun fyrir vinnuframlag sitt, eru mikilvægir útverðir utanríkisþjónustunnar og framlag þeirra ómetanlegt, ekki síst á sviði borgaraþjónustu og viðskiptaþjónustu. Í dag eru þeir 216 í 88 ríkjum.


Ráðstöfun varasjóðs

Einn varasjóður er fyrir málefnasviðið og fellur hann undir málaflokkinn **Utanríkisþjónusta og stjórnýsla utanríkismála**. Í upphafi árs 2019 var sjóðurinn 107 m.kr. og var honum ráðstafað á fjárlagaviðfangið **03-101-101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa** til að mæta óvæntum útgjöldum, meðal annars vegna nýrra verkefna.

Rekstur og fjárfestingar

Hér aftar gefur að líta mynd yfir skiptingu raunútgjalda eftir málefnasviðum og mála-flokkum sem eru á forræði utanríkisráðuneytisins, í milljónum króna, bæði rekstrar-útgjalda og fjárfestinga.

Heildarútgjöld til utanríkismála námu 16.843,4 m.kr. á síðasta ári, þar af 16.755,9 m.kr. í rekstrarútgjöld og 87,5 m.kr. í fjárfestingarútgjöld. Heildarfjárheimildir samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2019 að viðbættum millifærslum og framlögum vegna afskrifta voru 16.852,6 m.kr. þar af voru rekstrarfjárheimildir 16.759,7 m.kr. og fjárfestingarfjárheimildir 92,9 m.kr.. Fluttar fjárheimildir frá fyrra ári voru 710,3 m.kr..



Málefnasvið

Málefnasvið

Árið 2019 féll eitt málefnasvið undir utanríkisráðuneytið, utanríkismál. Skiptist málefnasviðið í fimm málaflokka, utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála, utanríkisviðskipti, samstarf um öryggis- og varnarmál, þróunarsamvinna og samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs. Árið 2020 verður málefnasviðinu skipt upp í tvö málefnasvið þar sem framlög til þróunarsamvinnu verða felld undir nýtt málefnasvið **35 Alþjóðleg þróunarsamvinna**.

Í töflunni hér aftar er yfirlit rekstrarafkomu þeirra málaflokka og málefnasviðs sem utanríkisráðherra ber ábyrgð á. Tafla 1 sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur í milljónum króna að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við áætlanir ársins 2019 ásamt uppsöfnuðum frávikum frá fyrri árum.

Tafla 1. Rekstur málefnasviða og málaflokka.

Málaflokkar / rekstur	Raun	Áætlun ársins	Millifærslur og fjárheimild til afskrifta	Frávik innan ársins	Frávik innan ársins	Ársloka-staða	Frávik %
04 Utanríkismál	16.755,9	16.556,4	203,3	1,2	697,6	701,4	4,2
0410 - Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	6.152,6	6.036,4	131,7	15,5	205,1	220,6	3,7
0420 - Utanríkisviðskipti	796,0	796,0	-	-	-	-	-
0430 - Samstarf um öryggis- og varnarmál	2.063,6	2.068,9	1,9	7,2	59,4	66,6	3,2
0440 - Þróunarsamvinna	5.933,5	5.687,4	12,0	234,1	329,7	95,6	1,7
0450 - Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs	1.1810,2	1.967,7	57,7	215,2	103,4	318,6	16,2

Fjárhæðir í milljónum króna

Taflan hér aftar sýnir útgjöld vegna fjárfestinga, í milljónum króna í samanburði við áætlun ársins 2019 að viðbættum uppsöfnuðum frávikum fyrri ára.

Tafla 2. Fjárfestingar málefnasviða og málaflokka.

Málaflokkar / rekstur	Ráðstafað á árinu	Til ráðstöfunar á árinu	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Óráðstafað í árslok
04 Utanríkismál	87,5	92,9	12,7	18,1
0410 - Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	79,0	64,6	0,2	14,6
0430 - Samstarf um öryggis- og varnarmál	1,3	-	11,7	12,9
0440 - Þróunarsamvinna	7,3	28,3	24,6	45,6

Fjárhæðir í milljónum króna

Heildarútgjöld málefna sviða og málaflokka

Heildarútgjöld, þ.e. samanlögð rekstar- og fjárfestingarútgjöld, þeirra málaflokka og málefna sviða sem utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á, námu 16,8 milljörðum króna árið 2019. Að teknu tilliti til uppsafnaðra fjárheimilda frá fyrri árum var afkoman jákvæð um 701,4 m.kr. eða sem nemur 4%. Stærsti hlutinn skýrist af 318,6 m.kr. jákvæðri afkomu samningsbundinna framlaga vegna fjölþjóðasamstarfs, en allir málaflokkarnir skiluðu jákvæðri afkomu. Nánar er fjallað um afkomu einstakra málaflokka hér á eftir.

4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Fjárheimild málaflokksins var samtals 6.300,5 m.kr. árið 2019, að meðtöldum 205,1 milljón króna frá fyrri árum, þar af var rekstrarheimild 6.168,1 m.kr. og fjárfestingaheimild nam 64,6 m.kr.. Rekstrarafkoma ársins var jákvæð sem nemur 220,6 m.kr. að meðtöldri 205,1 milljón króna uppsafnaðri afkomu fyrri ára eða sem nemur 3,5%. Mestu frávikin voru á fjárlagaliðnum **03-190 Ýmis verkefni** en þar var afkoma ársins jákvæð um ríflega 7%. Frávikið skýrist fyrst og fremst af því að verkefni vegna formennsku í Norðurskautsráðinu fluttust til í tíma.

Útgjöld vegna fjárfestinga voru 79 m.kr. sem var tæplega 15 milljónum umfram heimild og skýrist af fjárfestingum á fjárlagaliðnum **03-300 Sendiráð Íslands** sem voru tæplega 18 milljónir umfram áætlun ársins.

4.20 Utanríkisviðskipti

Fjárframlög til málaflokksins voru 796 m.kr. á árinu 2019. Rekstrargjöld málaflokksins voru í samræmi við áætlun ársins og þar sem engar fjárheimildir voru fluttar á milli ára var afkoma ársins í jafnvægi. Engin fjárfjárfestingaútgjöld falla undir málaflokkinn. Undir málaflokkinn falla einungis framlög til Íslandsstofu sjálfseignarstofnunar.

4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Fjárheimild málaflokksins var samtals 2.130,2 m.kr. að viðbættum uppsöfnuðum ónýttum fjárheimildum liðinna ára, sem námu 59,4 milljónum. Rekstrargjöld ársins námu 2.064 m.kr. og var afkoma málaflokksins jákvæð sem nemur 66,7 m.kr. í árslok eða 3,1%. Tafir urðu á framkvæmdum vegna svokallaðs ACCS-verkefnis vegna utanaðkomandi ástæðna og skýrir það ónýttar fjárheimildir í árslok.

Engar heimildir voru veittar til fjárfestinga á árinu en þrátt fyrir það námu fjárfestingar 1,3 m.kr. og voru fjárfestingar því umfram áætlun sem því nam. Uppsöfnuð umfram fjárfesting nam því í árslok tæpum 13 m.kr..

4.40 Þróunarsamvinna

Fjárheimildir ársins skiptast í rekstrarfjárheimildir og fjárfestingarfjárheimildir. Samanlagðar heimildir málaflokksins námu 6.082 m.kr., þar af voru 5.727,7 m.kr. samkvæmt áætlun ársins og 354,3 m.kr. voru uppsafnaðar frá fyrri árum.

Rekstrarfjárheimildir ársins voru 5.699,4 m.kr., auk 329,7 m.kr. sem færðust á milli ára. Rekstrarútgjöld ársins voru 5.933,5 m.kr. og afkoma því jákvæð í árslok sem nemur 95,6 m.kr. eða 1,6%.

Útgjöld vegna fjárfestinga námu 7,3 m.kr. og var því 45,6 milljónum óráðstafað í árslok. Framgangur verkefna þróunarsamvinnu var samkvæmt áætlun og í samræmi við fyrir fram skilgreind markmið sett fram í aðgerðaáætlun málaflokksins.¹ Mikil vinna hefur verið lögð í að tryggja skilvirkni og gagnsæi ferla á árinu. Nýr gagnagrunnur fyrir upplýsingar um heildarframlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu var tekinn í gagnið og leggur grundvöll að markvissri og nákvæmri framsetningu tölulegra upplýsinga sem birtar verða á nýrri heimasíðu fyrir þróunarsamvinnu árið 2020.

4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á verkefni sem falla undir málaflokkana sem fjallað hefur verið um hér að framan. Útgjöld vegna verkefna sem falla undir málaflokkinn sveiflast nokkuð milli ára og tekur hlutdeild Íslands reglulega breytingum í samræmi við reiknireglur hvernar stofnunar.

Fjárheimild málaflokksins nam 2.128,8 m.kr. að meðtöldum ónýttum fjárheimildum fyrri ára, sem námu 103,4 m.kr.. Rekstrargjöld málaflokksins voru 1.810 m.kr. og frávik frá áætlun því 215,2 m.kr., afgangur innan ársins stafar af utanaðkomandi þáttum, svo sem þróun gengis krónunnar, landsframleiðslu og þjóðartekna, og breytingum á reiknireglum samstarfsstofnana. Staða í árslok var því jákvæð sem nemur 318,6 m.kr. eða 15%. Skýrist þetta af því að stofnanir drógu að kalla eftir greiðslum.

Engin stefna er sett fram fyrir þennan málaflokk sérstaklega eða markmið og mælikvarðar. Málaflokkurinn heldur fyrst og fremst utan um aðildargjöld að fjölþjóðasamstarfi og byggist á stefnu sem mörkuð hefur verið tengslum við aðra málaflokka.

¹ https://www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjod/s0416-f_1.pdf

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun um árangur og ávinning af ráðstöfun fjármuna er kaflaskipt eftir málaflokkum þess málefna sviðs sem utanríkisráðherra hefur forræði yfir.

Uppbygging kaflanna er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða. Árangursmælingar markmiða byggjast annars vegar á mælikvörðum ársins 2019 í fjármálaáætlun 2019–2023 og hins vegar á aðgerðum ársins sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019.

Þróun markmiða og mælikvarða

Þau markmið og aðgerðir sem hér er fjallað um voru skilgreind með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2019 en mælikvarðarnir voru settir fram í fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022. Nokkrar breytingar hafa orðið á markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum, eftir atvikum, með fjármálaáætlun 2019–2023, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2018 og með fjármálaáætlun 2020–2024, sem samþykkt var á Alþingi 2019. Gerð er grein fyrir breytingunum og ástæðum þeirra í viðkomandi fjármálaáætlunum.

Staða aðgerða eftir málaflokkum

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2019 er birt í myndinni hér á eftir. Alls voru skilgreindar 36 aðgerðir í fjárlagafrumvarpi en þar sem sumar þeirra styðja við fleiri en eitt markmið teljast þær samtals í skýrslunni 41. Þar af voru 33 hafnar eða langt komnar, 7 aðgerðum var lokið og ein aðgerð í undirbúningi. Staða aðgerðanna var nokkuð mismunandi og skýrist það af ólíku eðli málaflokkanna og eins af því að aðgerðirnar ná yfir mislög tímabil.

Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
4.1 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála	● 12	12
4.2 Utanríkisviðskipti	● 3 ● 5 ● 4	12
4.3 Samstarf um öryggis- og varnarmál	● 1 ● 7	8
4.4 Þróunarsamvinna	● 6 ● 3	9
Samtals aðgerðir	● 1 ● 3 ● 30 ● 7	41

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Nánari skýring á stöðu einstakra aðgerða er að finna í umfjöllun um viðkomandi málaflokk.

4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála

Undir málaflokkinn fellur bróðurpartur rekstrarkostnaðar utanríkisþjónustunnar, ráðuneytis og sendiskrifstofa og þau verkefni sem lúta að því að standa vörð um hag íslenskra ríkisborgara erlendis ásamt rekstri EES-samningsins, fríverslunar- og annarra viðskiptasamninga, alþjóðlegri og svæðisbundinni samvinnu um frið og öryggi, þjóðarétt, mannréttindi og auðlinda- og umhverfismál.

Ísland hefur að undanfögnu verið í forystuhlutverki á alþjóðavettvangi í ráðum, stjórnnum og nefndum sem veitir einstakt tækifæri til að upplýsa um helstu hagsmunamál Íslands á alþjóðavettvangi og afla sjónarmiðum Íslands stuðnings.

Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8), á árinu 2019. Ungt fólk, sjálfbær ferðaþjónusta og lífríki hafsins voru áherslumálefni formennskunnar með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Verkefni sneru einnig að norrænum forgangsmálum á borð við jafnrétti og stafræna og sjálfbæra þróun. Formennska Íslands í samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna lagði áherslu á öryggismál, mannréttindi og mikilvægi alþjóðalaga og alþjóðastofnana og málefni hafsins. Áhersla Íslands var á virðingu fyrir mannréttindum, alþjóðalögum og alþjóðastofnunum í formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019 og í NB8-samstarfi utanríkisráðherra.

Ísland hefur frá því í maí 2019 gegnt formennsku í Norðurskautsráðinu og mun sinna henni fram í maí 2021. Norðurskautsráðið er mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða og alþjóðapolítískt vægi formennskunnar hefur aukist til muna á undanförunum árum. Yfirskrift formennsku Íslands „Saman til sjálfbærni á norðurslóðum“ endurspeglar í senn breyttar aðstæður í þessum heimshluta okkar og þær úrlausnir sem íslensk stjórnvöld tala fyrir. Fjögur megináherslusvið formennskunnar verða málefni hafsins, loftslagsmál og grænar lausnir í orkuframleiðslu, fólkið á norðurslóðum og styrking samfélaga og efling Norðurskautsráðsins.

Seta Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í fyrsta skipti er eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi en henni lauk um áramótin. Almenn ánægja ríkir um framgöngu Íslands sem sýndi að fámenn ríki geta haft afgerandi áhrif og jafnframt að íslensk utanríkisþjónusta ráði fyllilega við verkefni af þessum toga.

Áherslur Íslands í ráðinu voru á jafnréttismál, réttindi hinsegin fólks (LGBT+), réttindi barna, umbætur á starfsemi mannréttindaráðsins og tengsl mannréttinda við umhverfismál. Ísland lét að sér kveða og háþyrkingu var náð þegar mannréttindaráðið samþykkti ályktun Íslands og fleiri ríkja og stofnana um jöfn laun til handa körlum og konum og þegar Ísland hafði frumkvæði að því að flutt var sameiginlegt ávarp, af hálfu 36 ríkja, um bágð ástand mannréttinda í Sídí-Arabíu. Eins þegar Ísland hafði frumkvæði að því að mannréttindaráðið samþykkti ályktun um stöðu mannréttinda á Filippseyjum. Ísland mun halda áfram að sinna málafylgju í þágu mannréttinda með öflugum hætti, í samstarfi og samráði innan Norðurlandanna og við önnur líkt þenkjandi ríki sem og aðila innanlands. Næst bíður það verkefni að fara með formennsku í Evrópuráðinu 2022–2023 og vinna við mótun áherslna í formenskunni er að hefjast.

75 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna á þessu ári veitir tilefni til að minnast árangurs af starfi í þágu mannréttinda, friðar og sjálfbærrar þróunar en einnig efna til umræðu um aukna þátttöku í starfi samtakanna. Náð samstarf er innan Norðurlandanna við innleiðingu heimsmarkmiðanna og markmið um sjálfbæra þróun eru alltumlykjandi á nánast öllum sviðum. Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingu markmiða sem lúta að alþjóðastarfi og þróunarsamvinnu.

Markmið málaflokksins eru:

1. Að standa betur vörð um hag íslenskra borgara sem dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma og byggja upp og viðhalda tengslum við íslenska ríkisborgara erlendis.
2. Að standa betur vörð um grunngildi utanríkisstefnu Íslands, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.
3. Að standa betur vörð um sértæka hagsmuni Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, m.a. á norðurslóðum.



Markmið 1: Að standa betur vörð um hag íslenskra ríkisborgara erlendis, byggja upp og viðhalda tengslum við þá.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Hlutfall þeirra sem leita til borgaraþjónustunnar eru ánægðir með þjónustuna.	Verið er að móta mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Maskínukönnun í maí 2019 sýndi að 63% þekktu fremur illa eða ekkert til borgaraþjónustunnar og 80% hafa aldrei leitað þjónustu. Þó töldu 38% veitta þjónustu mjög eða fremur góða.
Hversu regluleg og góð upplýsingamiðlun er um öryggi á ferðalögum erlendis, m.a. á samskiptamiðlum.	Verið er að móta mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Virk upplýsingamiðlun til Íslendinga erlendis eftir þörfum og neyðartilvikum. Nýtt símanúmer innleitt fyrir neyðarþjónustu.
Hversu vel viðbrögð við neyðarástandi erlendis eru samræmd með öðrum norrænum ríkjum og viðbragðsaðilum innanlands.	Verið er að móta mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Borðæfing með RLS og neyðarteymi haldin í maí 2019. Viðbragðsæfing haldin í ágúst með UTN, RLS og sendiráði.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Tryggja að útsendir og staðarráðnir starfsmenn fái fræðslu og þjálfun um borgaraþjónustumál.	● Allir starfsmenn sem fara í fyrsta sinn á póst erlendis fá minnst þriggja vikna þjálfun á neyðarvakt borgaraþjónustu.	2018–2023
Hefa undirbúning fyrir móttöku umsókna um vegabréfsáritanir í sendiráðum Íslands í London, Washington og Nýju-Delí.	● Opnað var fyrir afgreiðslu umsókna og útgáfu Schengen-vegabréfsáritana til Íslands í sendiráðinu í Nýju-Delí 26. september 2019. Undirbúningur á lokastigi fyrir opnun afgreiðslu í sendiráðinu í Washington 1. febrúar 2020. London á teikniborðinu, stefnt að opnun 1. september 2020.	2019–2021
Auka virkni sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum til að auka skilvirka og skjóta upplýsingamiðlun.	● Fylgjendur utanríkisþjónustunnar og einstakra sendiskrifstofa á samfélagsmiðlum eru um 220 þúsund auk samfélagsmiðla Íslendingafélaga um víða veröld. Facebook-færslur utanríkisþjónustunnar voru skoðaðar 1,6 milljón sinnum.	2017–2020
Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefna-sviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	● Skýrsla ráðherra til Alþingis gerð aðgengilegri með myndrænni framsetningu. Skýrsla starfshóps um EES gefin út ásamt skýrslu ráðherra til Alþingis, kynning á EES í tilefni af 25 ára afmæli, m.a. myndbönd á samfélagsmiðlum sem voru skoðuð yfir 300 þúsund sinnum.	2017–2021

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Að standa betur vörð um grunngildi utanríkisstefnu Íslands, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra, sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Hversu vel utanríkisþjónustan nýtir þau tækifæri sem gefast til að tala fyrir grunngildum í utanríkisstefnu Íslands.	Verið er að móta mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Mælingar liggja ekki fyrir – unnið að gerð mælinga.
Hversu mikið er tekið mið af grunngildum í utanríkisstefnu Íslands í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi.	Verið er að móta mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Mælingar liggja ekki fyrir – unnið að gerð mælinga.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Styrkja málsvarastarf, samvinnu og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og í svæðabundnu samstarfi; auka samráð innan utanríkisþjónustunnar og stjórnarráðsins alls.	● Sérstök ástæða er til að geta styrkingar á málsvarahlutverki fastanefndar Íslands í Genf á meðan á setu Íslands í mannréttindaráði SP stóð. Um setuna var viðhaft víðtækt samráð við ýmsa aðila, bæði innanlands og utan.	2017–2023
Styrkja stofnanir, verkefni og viðburði sem stuðla að aukinni virðingu fyrir mannréttindum, jafnrétti, þjóðarétti og mannúð á heimsvísu; bæði í samstarfi við aðra og að eigin frumkvæði, sbr. rakarastofuviðburði, og fullgilda og staðfesta alþjóðlega samninga.	● Sérstök skýrsla var útbúin um setu Íslands í mannréttindaráði SP sem varpar góðu ljósi á að málafylgja Íslands á þeim vettvangi, í þágu mannréttinda og lýðræðis, jókst að umfangi og ýmis sérstök frumkvæðisverk höfðu afar jákvæð áhrif í þeim efnum. Áfram verður byggt á sama grunni á öllum póstum alþjóðastofnana, m.a. með undirbúningi fyrir formennsku í Evrópuráðinu 2022–2023.	2017–2021
Tryggja virka þátttöku í svæðisbundnu samstarfi, m.a. á vettvangi Norrænu ráðherra-nefndarinnar og Norðurskautsráðinu og standa vel að formennsku í norrænu samstarfi (N5+NB8) 2019 og Norðurskautsráðinu 2019–2021.	● Ísland var í formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og í samstarfi forsætisráðherra Norðurlanda. Ísland gegndi formennsku í samstarfi norrænna utanríkisráðherra (N5) og utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna (NB8) árið 2019. Alls fóru fram um 30 norrænir ráðherra fundir, að meðtöldum fundum fagráðherra, á árinu 2019. Ísland átti einnig sæti í stjórn Alþjóðabankans í Washington DC fyrir hönd NB8-ríkjahópsins frá og með miðju sumri. Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu á ráðherra fundi ráðsins í maí 2019. Fundir Norðurskautsráðsins voru haldnir í Reykjanesbæ, á Ísafirði, í Hveragerði og Reykjavík.	2017–2021
Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnasviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	● Skýrsla ráðherra til Alþingis gerð aðgengilegri með myndrænni framsetningu. Skýrsla starfshóps um EES gefin út ásamt skýrslu ráðherra til Alþingis, kynning á EES í tilefni af 25 ára afmæli, m.a. myndbönd á samfélagsmiðlum sem voru skoðuð yfir 300 þúsund sinnum.	2017–2021

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Að standa betur vörð um sértæka hagsmunum Íslands, sérstaklega hvað varðar hafrétt og sjálfbæra nýtingu auðlinda, m.a. á norðurslóðum.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Hversu vel utanríkisþjónustan nýtir þau tækifæri sem gefast í tvíhliða og marghliða samskiptum til að vekja athygli á hagsmunum Íslands.	Verið er að móta mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Mælingar liggja ekki fyrir – unnið að gerð mælinga.
Hversu vel er tekið mið af sjónarmiðum Íslands í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi.	Verið er að móta mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Mælingar liggja ekki fyrir – unnið að gerð mælinga.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Styrkja málsvarastarf, samvinnu og þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana og í svæðisbundnu samstarfi; auka samráð innan utanríkisþjónustunnar og stjórnarráðsins alls.	● Sérstök ástæða er til að geta styrkingar á málsvara hlutverki fastanefndar Íslands í Genf á meðan á setu Íslands í mannréttindaráði SP stóð. Um setuna var viðhaft víðtækt samráð við ýmsa aðila, bæði innanlands sem utan.	2017–2023
Tryggja hagsmunum Íslands í málefnum er varða sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar, með virkri þátttöku í samningaviðræðum, alþjóðlegum viðburðum og svæðisamstarfi, með nægum mannafla og virkri stefnumótun þvert á fagráðuneyti.	● Virk þátttaka í samningaviðræðum um gerð nýs framkvæmdasamnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja. Sjálfbær þróun með áherslu á loftslags- og auðlindamál gætti víða í áherslum í formenskum Íslands, m.a. í Norrænu ráðherranefndinni, á vettvangi NB8-samstarfsins, í formennskuáætlun Íslands í Norðurskautsráðinu og einnig sem leiðarstef í stefnu Íslands í þróunarsamvinnu. Þátttaka í aðildarríkjafundum FAO, UNCCD, CITES og IRENA.	2017–2019
Tryggja hagsmunum Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgðar í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsáttmálann.	● Virk þátttaka í leiðtogafundi SP um loftslagsmál og þátttaka í aðildarríkjafundum UNFCCC. Samstarf um málaflökkinn eftir innan stjórnsýslunnar. Samningar tókust með Íslandi, Noregi og ESB um innri skiptingu ábyrgðar í samræmi við Parísarsamninginn og var mælt fyrir þingsályktun um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar þar að lútandi í nóvember 2019.	2017–2019
Efla gerð og miðlun grunnupplýsinga um brýn hagsmunamál Íslands sem nýtast ráðuneytum og sendiskrifstofum til að efla þekkingu almennings á Íslandi og erlendis á málefnaviðum ráðuneytisins í gegnum innlenda og erlenda fjölmiðla, samfélagsmiðla, með skýrslugjöf og fundum heima fyrir og erlendis.	● Skýrsla ráðherra til Alþingis gerð aðgengilegri með myndrænni framsetningu. Skýrsla starfshóps um EES gefin út ásamt skýrslu ráðherra til Alþingis, kynning á EES í tilefni af 25 ára afmæli, m.a. myndbönd á samfélagsmiðlum sem voru skoðuð yfir 300 þúsund sinnum.	2017–2021

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

4.20 Utanríkisviðskipti

Utanríkisviðskipti eru undirstaða hagsældar á Íslandi og ein af meginstoðum utanríkisstefnu Íslands. EES-samningurinn og net viðskiptasamninga opnar markaði fyrir íslensk fyrirtæki. Með breytingum á Íslandsstofu hefur þjónusta og samráð við atvinnulífið verið eft. Hagsmunagæsla tengd Brexit heldur áfram að vera umfangsmikil.

50 ár eru liðin frá því að Ísland gerðist aðili að EFTA. Fríverslunarnet EFTA nær nú til 40 ríkja og landsvæða utan ESB. Fríverslunarsamningur EFTA við Mercosur-ríkin Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ bíður undirritunar, samningurinn við Indónesíu bíður gildistöku og fríverslunarviðræður standa yfir við Indland, Malasíu og Víetnam.

Áhersla hefur verið lögð á að efla tvíhliða viðskipti við Kína, Japan og Bandaríkin. Var viðskiptasamráði Íslands við Bandaríkin og Japan komið á fót á síðasta ári og samningar voru undirritaðir við Kína til að bæta framkvæmd fríverslunarsamningsins. Þá leiddi utanríkisráðherra fjölmenna viðskiptasendinefnd til Moskvu í nóvember.

Árið 2019 var áhersla lögð á að undirbúa útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu sem ljóst var að mundi hafa umtalsverð áhrif á samskipti Íslands og Bretlands. Á aðlögunartímabilinu til ársloka 2020 munu samskipti ríkjanna áfram byggjast á EES-samningnum, líkt og undanfarinn aldarfjórðung. Viðræður um framtíðarsamband við Bretland hófust í maí á þessu ári. Yfirlýst stefna breskra stjórnvalda er að ljúka viðræðunum við ESB og önnur nán samstarfsríki eins og Ísland og hin EFTA-ríkin áður en aðlögunartímabilinu lýkur. Árið 2020 verður því ákaflega annasamt þegar kemur að viðræðum við Bretland.

Áfram hefur verið unnið að því að efla og breyta Íslandsstofu í kjölfar nýrra laga frá árinu 2018, með það að markmiði að hún geti sinnt hlutverki sínu enn betur gagnvart fyrirtækjum á sviði útflutnings, fjárfestinga og ferðaþjónustu, með sjálfbærni í huga sem Íslandsstofa hefur tilkynnt sem megináherslu Íslands í markaðsstarfi. Fagleg stjórn tólf viðskiptafulltrúa sem eru við störf á ellefu sendiskrifstofum Íslands erlendis, hefur verið færð undir Íslandsstofu.

Nýr samstarfssjóður atvinnulífs og íslenskra stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna var settur á laggirnar og er nú kominn á fullt skrið. Sjóðurinn er ætlaður samstarfsverkefnum fyrirtækja í þróunarríkjum og lögð er sérstök áhersla á að verkefni styðji við heimsmarkmið númer átta um mannsæmandi atvinnu og sjálfbæran hagvöxt.

Meginverkefni málaflokksins er að standa vörð um efnahags- og viðskiptahagsmuni Íslands erlendis. Unnið er að því með gerð og rekstri viðskiptasamninga, en þar er EES-samningurinn veigamestur, og viðskiptaþjónustu við fyrirtæki. Viðskiptaskrifstofa ráðuneytisins, Íslandsstofa og sendiskrifstofur vinna í samstarfi að viðskiptaþjónustu, ferðamálum og menningarkynningu, en sérstakir viðskiptafulltrúar eru við störf í sumum sendiskrifstofum. Þá er unnið að því að efla utanríkisviðskipti í tvíhliða, marghliða og alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi EES, EFTA, WTO og OECD.

Megnið af þeim aðgerðum sem hér eru nefndar er fjármagnað af málaflokknum 4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála og fellur undir fjárlagaviðfangið **03-101-101 Aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins**. Einungis Íslandsstofa er fjármögnuð af þessum málaflokki.

Tvö af þremur markmiðum málaflokksins voru færð í málaflokk 4.10 í fjárlagafrumvarpi 2019 en gerð er grein fyrir aðgerðunum í samræmi við skiptingu markmiða í fjármálaáætlun 2019-2023.

Markmið málaflokksins eru:

-
1. Að bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningarlífs að erlendum mörkuðum og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, m.a. með fríverslunarsamningum.

 2. Að styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera.

 3. Að efla hagsmunagæslu Íslands við mótun EES-löggjafar og innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði.
-

Markmið 1: Bæta aðgengi íslensks atvinnu- og menningarlífs að erlendum mörkuðum og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, m.a. með fríverslunarsamningum.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2018	Víðmið 2019	Raun 2019
Ánægja fyrirtækja og hagaðila með þjónustu utanríkisþjónustunnar og Íslandsstofu (á skalanum 1–5).	3,9 (2017).	4,2	Engin könnun var gerð á árinu.
Útflutningsverðmæti vöru og þjónustu sé komið yfir 2.000 milljarða króna árið 2030 á verðlagi 2012	1.157 mia.kr. ¹	1.186 mia.kr. ¹	1.139 mia.kr. ¹

¹ Á verðlagi 2012



Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Styrkja samstarf og samráð viðskiptaþjónustu/ sendiskrifstofa við atvinnulífið og Íslandsstofu, m.a. með því að skoða hvernig Íslandsstofa getur betur kynnt Ísland sem heimahöfn rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna, sbr. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.	● Lög um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun, voru samþykkt 12. júní 2018. Með gildistöku laganna var samstarf sendiskrifstofa og Íslandsstofu eft. Hefur fagleg stjórn viðskiptafulltrúa t.d. verið færð undir Íslandsstofu.	2017–2020
Setja á fót útflutnings- og markaðsráð sem mun marka og samþykkja langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir útflutningsaðstoð og markaðssetningu.	● Utanríkisráðherra skipaði 31 fulltrúa til setu í útflutnings- og markaðsráði í febrúar 2019. Ráðið markaði og samþykkti langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning sem var kynnt 23. október 2019. Ráðið mun einnig fylgjast með framkvæmd langtímastefnumótunarinnar.	2018–2019
Efla samráð og starfsemi sendiskrifstofa á sviði lista og skapandi greina í þágu aukins árangurs í alþjóðlegu menningarsamstarfi. Samráð verði haft við fagráðuneyti, kynningar- miðstöðvar lista og skapandi greina Íslandsstofu og hagsmunaaðila.	● Áframhaldandi milliliðalaust samstarf lista- og menningarlífs, Íslandsstofu, kynningarmiðstöðva listgreina og sendiskrifstofa. Áætlanir unnar í samstarfi utanríkisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fjármögnun minnkaði í heildina varðandi framlag til menningarmála þar sem ekki varð af framlagi MMR. Fulltrúi úr UTN fluttist tímabundið til MMR til að sinna menningarmálum.	2018–2019
Tryggja hagsmuni Íslands í samningaviðræðum sem leiða af brottfarvi Bretlands úr ESB í samræmi við áform ríkisstjórnar.	● Undirritaðir voru samningar um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu án samnings í janúar 2019. Á löggjafarþingi 2019–2020 voru samþykkt lög um ráðstafanir vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu. Verkefni heldur áfram vegna framtíðarsamninga við Bretland.	2018–2020
Kynna fríverslunarsamninga fyrir atvinnulífni og efla samráð við hagsmunaaðila.	● Aukið og viðtækara samstarf hefur verið tekið upp við þingmannanefnd og ráðgjafarnefnd EFTA og íslenska hagsmunaaðila við gerð, uppfærslu og framkvæmd fríverslunarsamninga.	2017–2021
Setja heildarstefnu á sviði utanríkisviðskipta, m.a. með það að markmiði að styrkja net viðskiptasamninga og fjölga fríverslunarsamningum, bæði tvíhliða og í samvinnu við önnur EFTA-ríki og afnema viðskiptahindranir.	● Áfram hefur verið unnið að því að efla viðskiptatengsl við Bandaríkin, Japan og Kanada. Íslenskir fulltrúar hafa haldið fjölda funda með fulltrúum þessara ríkja um aukið samstarf á sviði viðskiptamála. Þá hefur verið unnið að því að stækka út fríverslunarnet EFTA og uppfæra eldri fríverslunarsamninga. Á löggjafarþingi 2018–2019 samþykkti Alþingi fríverslunarsamninga EFTA við Filippseyjar, Ekvador og Tyrkland og á löggjafarþinginu 2019–2020 við Indónesíu.	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Að styrkja kynningar- og markaðsstarf í samvinnu fyrirtækja og hins opinbera.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Jákvætt viðhorf og aukin vitund á völdum erlendum markaðssvæðum og markhópum gagnvart íslenskri vöru og þjónustu, áfangastað og erlendri fjárfestingu.	Unnið að þróun mælikvarða.	Ekkert viðmið sett.	Mælikvarðar voru ekki mótaðir.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Styrkja samstarf og samráð viðskiptaþjónustu/ sendiskrifstofa við atvinnulífið og Íslandsstofu m.a. með því að skoða hvernig Íslandsstofa getur betur kynnt Ísland sem heimahöfn rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna, sbr. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.	● Lög um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun, voru samþykkt 12. júní 2018. Með gildistöku laganna var samstarf sendiskrifstofa og Íslandsstofu eft. Hefur fagleg stjórn viðskiptafulltrúa t.d. verið færð undir Íslandsstofu.	2017–2020
Setja á fót útflutnings- og markaðsráð sem mun marka og samþykkja langtíma stefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir útflutningsaðstoð og markaðssetningu.	● Utanríkisráðherra skipaði 31 fulltrúa til setu í útflutnings- og markaðsráði í febrúar 2019. Ráðið markaði og samþykkti langtímastefnumótun stjórnvalda og atvinnulífs fyrir íslenskan útflutning sem var kynnt 23. október 2019. Ráðið mun einnig fylgjast með framkvæmd langtímastefnumótunarinnar	2017–2018
Efla samráð og starfsemi sendiskrifstofa á sviði lista og skapandi greina í þágu aukins árangurs í alþjóðlegu menningarsamstarfi. Samráð verði haft við fagráðuneyti, kynningarmiðstöðvar lista og skapandi greina, Íslandsstofu og hagsmunaaðila.	● Áframhaldandi milliliðalaust samstarf lista- og menningarlífs, Íslandsstofu, kynningarmiðstöðva, listgreina og sendiskrifstofa. Áætlanir unnar í samstarfi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fjármögnun minnkaði í heildina varðandi framlag til menningarmála þar sem ekki varð af framlagi MMR. Fulltrúi úr UTN fluttist tímabundið til MMR til að sinna menningarmálum.	2018

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Að efla hagsmunagæslu Íslands við mótun EES-löggjafar og innleiða allar reglur EES-samningsins tímanlega svo að tryggt sé að íslenskt atvinnulíf búi alltaf við sömu reglur og samkeppnisaðilar á EES-markaði.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Frammistöðumat Eftirlitsstofnunar EFTA sem mælir innleiðingu reglna EES-samningsins.	Innleiðingarhalli innan við 1%.	Innleiðing 99%.	Aðeins 0,7% og 0,6% innleiðingarhalli í frammistöðumati ESA í annars vegar maí og hins vegar nóvember 2019.
Allar nýjar gerðir þýddar tímanlega.	Nánast engin töf vegna þýðinga.	Engin töf á innleiðingu vegna þýðinga.	Ekki hafa verið neinar tafir á skilum þýðingamiðstöðvar (BM) á þýðingum gerða.
Fjöldi samningsbrotamála fyrir EFTA-dómstólnum.	EFTA-dómstóllinn kvað upp 8 dóma í samningsbrotamálum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn Íslandi á árinu 2018.	2 mál á ári.	EFTA-dómstóllinn kvað upp fjóra dóma í samningsbrotamálum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) gegn Íslandi á árinu 2019.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Tryggja virkari þátttöku Íslands í mótun EES-löggjafar með því að byggja upp og viðhalda þekkingu á EES-samningnum innan stjórnarsýslunnar.	● Opinn EES-gagnagrunnur og EES.is-upplýsingaveitan sett á fót. Upplýsinga-átak skipulagt vegna 25 ára afmæli EES-samningsins; opnir fundir og málstofur um EES-samstarfið í samstarfi við atvinnulífið og fræðimenn. Kynningar-myndbönd gerð um EES-samstarfið. Námskeið haldin um lokaða EES-gagnagrunninn fyrir starfsmenn stjórnarsýslunnar.	2017–2023
Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.	● Upptökuhalli minnkaði úr 612 gerðum í 435 gerðir frá árslokum 2018 til ársloka 2019. Innleiðingarhalli samkvæmt frammistöðumati ESA í annars vegar maí og hins vegar nóvember 2019 var 0,6% og 0,7%.	2019–2023
Auka samstarf við önnur EFTA-ríki á fyrri stigum upptökuferlis.	● Gott samstarf hefur verið við önnur EFTA-ríki á fyrri stigum upptökuferlisins. Á árinu 2019 voru haldnir tveir sérstakir fundir um hvernig minnka mætti upptökuhallann.	2018–2021

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Alþjóðalög og virkt alþjóðlegt samstarf er herlausum ríkjum sérstaklega mikilvægt. Ísland tryggir öryggi sitt og varnir með virku samstarfi við önnur ríki, einkum með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi við Bandaríkin ásamt þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og samstarfi við grannríki á sviði öryggismála. Þjóðaröryggisstefnan er leiðarljós en hún nær til virkrar utanríkisstefnu, varnarstefnu og almannaoöryggis.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins leggur Ísland áherslu á pólitíska samstöðu um eflingu öryggis, stöðugleika og sameiginlegra varna, samhliða því að leita leiða til að draga úr spennu og byggja upp traust. Öryggismál og viðbúnaður á Norður-Atlantshafi, vopnatakmarkanir og afvopnunarmál, auk virkrar þátttöku kvenna í öryggismálum halda áfram að vera forgangsmál. Í samstarfi við Atlantshafsbandalagið ábyrgjast íslensk stjórnvöld rekstur íslenska loftvarnakerfisins, eftirlitskerfa með hafsvæðum, samskiptakerfa, og annarra mannvirkja og búnaðar á Íslandi.

Í takt við þróun öryggismála í Evrópu hefur reglubundin viðvera Bandaríkjamanna og annarra Atlantshafsbandalagsríkja aukist á Íslandi vegna kafbátaeftirlits, loftrýmisgæslu og varnaræfinga. Ráðist hefur verið í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á varnarmannvirkjum samhliða nýjum framkvæmdum til að styðja við aukna viðveru í samræmi við varnarskuldbindingar Íslands og þjóðaröryggisstefnu Íslands.

Aukin áhersla er lögð á afvopnun og takmörkun vígbúnaðar á alþjóðavettvangi og Ísland tekur virkan þátt í þeirri vinnu. Örar tækni framfarir hafa í för með sér nýjar ógnir og áskoranir auk þess sem sú heilsuvá sem heimurinn stendur frammi fyrir vegna COVID-19 kemur til með að hafa áhrif, ekki síst í ljósi hættu á átökum og þjóðfélagslegri upplausn.

Á liðnu ári störfuðu þrettán borgaralegir sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar, sex konur og sjö karlar, meðal annars í Georgíu, í Afganistan og í samstöðuáðgerðum í Eistlandi og Litháen. Auk fulltrúa á vettvangi leggur Ísland til sérfræðinga í Belgíu, Bretlandi og í Bandaríkjunum, sem búa yfir sérþekkingu og stuðla að því að áherslur Íslands endurspeglit í áætlanagerð og störfum Atlantshafsbandalagsins. Á síðasta ári urðu tímamót í starfi Íslensku friðargæslunnar þegar 17 ára viðveru Íslands í Afganistan lauk.

Á sviði varnar- og öryggismála hefur samvinna Íslands við aðrar Norðurlandapjóðir, auk Bretlands, Þýskalands og Eystrasaltsríkjanna, orðið nánari og umfangsmeiri. Í samstarfi Norðurlandanna eru þessir málaflokkar einkum reknir innan vébanda norræna varnarsamstarfsins (NORDEFECO) en Ísland tekur þátt í borgaralega hluta þess.

Markmið málaflokksins eru:

1. Að tryggja að ávallt séu á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.
2. Að tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi.
3. Að tryggja að til staðar sé fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.



Markmið 1: Að tryggja að ávallt séu á Íslandi trúverðugar og sýnilegar varnir sem byggjast á alþjóðasamstarfi, einkum á vettvangi NATO og ÖSE, og varnarsamningnum við Bandaríkin og virku samstarfi við grannríki á sviði öryggismála.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Árangur í að koma íslenskum sjónarmiðum í öryggis- og varnarmálum á framfæri.	Aukning fjárheimilda íslenska ríkisins milli 2017 og 2019. Aukið framlag Mannvirkjasjóðs NATO til verkefna hér á landi. Verklegar framkvæmdir bandaríska varnarmálaráðuneytisins hér á landi, tveir verksamningar undirritaðir. Hraðvaxandi eftirspurn eftir gistirými.	Niðurstöður samráðs.	Undirbúningur vegna fjölgunar gistirýma á öryggissvæðunum var lokið á árinu og uppert mötuneyti var tekið í notkun. Uppfærslur á ratsjárkerfunum hófust. Framkvæmdir við viðhalds-verkefni Bandaríkjamanna hófust á árinu.
Hlutfall fjárveitinga og styrkja til framkvæmda hér á landi úr sjóðum NATO og með vísan til varnar-samningsins.	Samtals framlag Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins 2018, 8,4 milljónir evra eða 63%. Bandaríska varnarmálaráðuneytið undirritaði verksamninga samtals að upphæð 25,3 milljónir Bandaríkjadala.	1.700 m.kr. 74%.	Atlantshafsbandalagið kostaði framkvæmdir hér á landi fyrir 1,8 ma.kr. Áætlað að bandaríska varnarmálaráðuneytið hafi framkvæmt á árinu fyrir um 1 ma.kr.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Tryggja virka þátttöku Íslands í starfi NATO og NORDEFECO, auk viðeigandi þátta í SP og ÖSE.	● Auknar áherslur eru á mikilvægi Íslands innan NATO og NORDEFECO og hafa verkefni hér á landi tekið mið af framangreindu. Í vinnslu, tekur ekki enda.	2017–2023
Tryggja nægar fjárveitingar til málaflokksins, bæði frá íslenska ríkinu og NATO, í samræmi við skuldbindingar.	● Í vinnslu. Íslenska ríkið hefur tryggt áframhaldandi fjárveitingar til málaflokksins til næstu ára. NATO hefur eins og fyrri ár komið að uppbyggingu hér á landi, t.d. rafkerfisbreytingum, uppfærslum á ratsjárkerfum, stjórnkerfisbúnaði, viðgerðum á mannvirkjum og þátttöku í viðgerðum á flugbrautum, akstursbrautum flugvéla.	2017–2023
Þátttaka í samningsbundnum æfingum á grundvelli aðildar Íslands að NATO og varnarsamningsins við Bandaríkin á Íslandi og umhverfis Ísland: Dynamic Mongoose, Trident Juncture 2018; Northern Viking og Northern Challenge.	● Undirbúningur vegna Norðurvíkings 2020 og Dynamic Mongoose 2020 var til framkvæmdar á árinu. Ísland tók þátt í skrifborðsæfingu NATO, Trident Jupiter. Landhelgisgæslan sá um framkvæmd Northern Challenge.	2017–2023

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Að tryggja rekstur og viðhald íslenska loftvarnakerfisins og annarra kerfa og mannvirkja á Íslandi.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Áreiðanleiki (e. availability) kerfa og viðhald þeirra sé í samræmi við staðla og reglur NATO (hversu hátt hlutfall af tíma kerfin virka).	Hærra en 90%.	90%.	Markmiðum náð.
Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlits-skoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO.	Samanber skýrslur NATO.	Minniháttar athugasemdir.	Verið að vinna úr athugasemdum og áætla kostnað og framkvæmdir.
Fjöldi kerfa NATO sem aðgangur er að hér á landi.	ACCS-innleiðingu 60% lokið.	Innleiðing nýrra kerfa og endurnýjun 50%.	Markmiðum náð.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Viðhalda varnarmannvirkjum og kerfum, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfi og stjórnstöðvarkerfið (ACCS) ¹ .	● Í vinnslu. Íslenska ríkið hefur tryggt auknar fjárveitingar til viðhalds og reksturs kerfa. Unnið er í að fá fjárveitingar til að ná niður uppsafnaðri viðhaldsþörf mannvirkja og svæða. NATO hefur staðið við fjármögnun samanber varnarkröfur og áætlanir.	2017–2023
Tryggja rekstur og reglubundið viðhald tækja og kerfa sem tengjast þátttöku Íslands í samþættu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu NATO við Ísland og eftirliti með hafinu, þ.m.t. að uppfæra ratsjárkerfið og stjórnstöðvarkerfið.	● Er í fóstum farvegi. Uppfærslur eru samanber áætlun, þ.e. stjórnstöðvarkerfið hefur að hluta til verið uppfært og uppfærslur á ratsjárkerfunum verður lokið 2020.	2018–2023
Auka þjálfun og færni starfsmanna sem vinna að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.	● Í vinnslu. Árlegt verkefni.	2017–2023

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 3: Að tryggja að til staðar sé fullnægjandi gistiríkjastuðningur, viðbúnaðargeta og öryggi til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Fjöldi athugasemda úr gæðaeftirlitsskoðunum Landhelgisgæslu og stofnana NATO. Skýrslur þjóðanna sem nýta gistiríkjastuðninginn.	Ásættanlegt.	Ásættanlegt.	Markmiðum náð, samanber skýrslur NATO.
Fjöldi gistirýma innan öryggis-svæðisins.	Hagrætt um 10% í núverandi gístaðstöðu.	275	Unnið að útboði á viðbótar gistirýmum á öryggissvæðinu. Útboði frestað til 2020 vegna gerðar deiliskipulags.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Styrkja starfsemi Landhelgisgæslunnar til að takast á við aukningu í loftrýmisgæslu og varnartengdum verkefnum.	● Fjarheimildir hafa að hluta til verið auknar til að takast á við aukin verkefni. Vantar að fjölga starfsmönnum.	2017–2023
Bæta aðbúnað og öryggi, og fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.	● Í vinnslu. Byggingaframskiptir við fyrsta fjölbýlishúsið af fjórum hefjast 2020 og eru áætluð verklok við þann áfanga í nóvember 2021.	2017–2023

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

4.40 Þróunarsamvinna

Meginverkefni málaflokksins er þróunarsamvinna í samstarfi við valin samstarfslönd og svæði, fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök. Verkefnum er sinnt af þróunarsamvinnu-skrifstofu ráðuneytisins, tveimur sendiskrifstofum í Afríku, í Malaví og Úganda, og fastanefndum Íslands í New York, Genf, París og Róm.

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein meginstoð íslenskrar utanríkisstefnu og mikilvægur hlekkur í þjóðaröryggisstefnu Íslands. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós: að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar, að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Kynjajafnrétti og loftslags- og umhverfismál hafa verið þverlæg málefni innan þróunarsamvinnu Íslands um margra ára skeið.

Ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu var samþykkt á Alþingi í maí á síðasta ári. Yfirmarkmið stefnunnar er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós stefnunnar. Því hafa markmið málaflokksins, sem nú er sérstakt málefnasvið, breyst frá því að þau voru sett við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2019 og fjallað er um í þessari skýrslu.

Tvíhliða samstarfsþjóðir Íslands í þróunarsamvinnu eru tvö, Malaví og Úganda, þar sem unnið er að mestu leyti í samstarfi við héraðsyfirvöld og stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Í svæðasamstarfi er unnið með fleiri þjóðum, jarðhitaverkefni sem náði til sjö ríkja í Sigdalnum í austurhluta Afríku lauk á síðasta ári. Í Vestur-Afríku var veittur aukinn stuðningur við verkefni í Síerra Leóne og Líberíu í samvinnu við heimamenn og alþjóðastofnanir, flest á sviði fiskimála og jafnréttismála. Utanríkisráðherra fór til Síerra Leóne síðastliðið haust til að kynna sér verkefni Íslands.

Alþjóðabankinn, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) eru áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Ísland leggur einnig mikið til mannúðaraðstoðar, einkum í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaráð Rauða krossins en einnig er unnið með frjálsum félagasamtökum að mannúðarmálum og þróunarsamvinnu. Vopnuð átök, loftslagsbreytingar og fátækt hafa leitt til þess að þörfin fyrir neyðar- og mannúðaraðstoð fer stöðugt vaxandi.

Um síðustu áramót hófst nýr kafli í sögu skólanna fjögurra sem starfað hafa hér á landi um langt árabil, Jarðhitaskólans, Sjávarútvegsskólans, Landgræðsluskólans og Jafnréttisskólans, eftir mikla undirbúningsvinnu árið 2019. Tekið var upp samstarf við Mennta- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og í tengslum við það stofnuð sjálfstæð miðstöð með eigin stjórn sem nefnist GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu.

Í fjármálaáætlun 2019–2023 voru sett fram þrjú markmið fyrir málaflokkinn sem endurspeglast hér, en var fækkað í tvö í fjárlögum 2019.

Markmið málaflokksins eru:

-
1. Að efla grunnþjónustu og styrkja stofnanir til að bæta lífskjör og auka tækifæri þeirra sem búa við fátækt og ójöfnuð.

 2. Að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar m.a. með nýtingu á íslenskri sérþekkingu.

 3. Að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.
-



Markmið 1: Að efla grunnþjónustu og styrkja stofnanir til að bæta lífskjör og auka tækifæri þeirra sem búa við fátækt og ójöfnuð.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Menntun: Aðbúnaður í grunnskólum (marksskólum) – í samstarfshéruðum í Úganda.	Ýmsar skólaframkvæmdir hafnar, hönnun húsnæðis fyrir yngstu nemendur, miðstöðvar fyrir nemendur með sérþarfir o.fl.	Grunnaðbúnaður til staðar í 28 grunnskólum í Úganda (Buikwe).	Starf hófst við nýbyggingar og lagfæringar á 21 grunnskóla í Úganda.
Jafnrétti: Fjöldi útskrifaðra nemenda í Jafnréttisskóla GRÓ og þátttakendur í styttri námskeiðum á vegum á hans vegum í þróunarríkjum á ári.	Fjöldi nemenda: 23 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 52	Fjöldi hefur ekki verið áætlaður en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaaðila á honum má gera ráð fyrir að fjöldi nemenda verði um 26.	Fjöldi nemenda: 23 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 115
Heilsa: í Mangochi-héraði (Malaví): a) Hlutfall kvenna í skoðun snemma á meðgöngu, b) hlutfall fæðinga undir stjórn faglærðra, c) bólusetningar barna á fyrsta ári	a) 15,4% b) 68% c) 80%	a) 12% b) Ekki sett viðmið fyrir árið en langtímamarkmið er 75% c) 85%	a) 14,8% b) 64% c) 86%
Vatn: Fjöldi heimila og skóla með aðgang að og afnot af aðstöðu með heilnæmu vatni og bættri salernisaðstöðu á þeim svæðum sem samstarfsverkefni nær til í Zambesia-fylki (Mósambík).	48 þúsund manns fengu aðgang að hreinu vatni. 300 þúsund nýir þjónustugegar fengu nýja salernisaðstöðu. 14 þúsund nemendur nutu bættrar salernisaðstöðu í skólum.	Viðmið ekki sett fyrir árið 2019. Viðmið fyrir framgang 2018–2020: 52 vatnsból fyrir 25.000 manns í sveitahéruðum. 15 vatnsveitur í skólum. 150.000 manns hafi aðgang að bættri hreinlætisaðstöðu og aðstaða verði bætt í 15 skólum.	20 vatnsból byggð sem þjóna 6.000 manns. 9 klósett byggð í 3 skólum fyrir 1.050 nemendur og 10 vatnsbrunnar fyrir 3.500 skólabörn. 152.000 manns fengu fræðslu um hvernig megi auka hreinlæti í þorpum og nú eru 127 af 304 þorpum ekki lengur með opna salernisaðstöðu.

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Menntun: Samstarfsverkefni í grunnmenntun í Úganda og Malaví.	● Unnið var að ýmsum endurbótum í 12 skólum í Mangochi-héraði. Tveir leikskólar voru byggðir til að vera fyrirmyndir fyrir aðra leikskóla. Auk þess var margvíslegur stuðningur veittur til 50 leikskóla í héraðinu. Í Buikwe-héraði í Úganda hófust framkvæmdir í öðrum áfanga menntaverkefnis. Útboðum á nýbyggingum og viðhaldi fyrir 21 skóla lokið. Þarfagreining innt af hendi fyrir nýtt samstarf á sviði menntamála í Namayingo-héraði í Úganda.	2018–2019
Heilsa: Samstarfsverkefni í heilbrigðisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Mangochi-héraði í Malaví. Stuðningur við UNICEF í Palestínu, ásamt samstarfi á sviði mannúðarmála með WHO.	● Í Mangochi-héraði voru byggð þrjú starfsmannahús við heilsugæslustöðvar, tveir heilsupóstar voru reistir, sérstaklega hugsaðir fyrir barnaeftirlit. Þrjár fæðingarstofur voru lagfærðar og betrubættar og ný fæðingardeild tekin í notkun. Auk þess var veitt margskonar þjálfun á sviði heilbrigðismála. Rúmlega 20 m.kr. veittar til verkefnis UNICEF í Palestínu og samstarfssamningur um útsenda sérfræðinga gerður við WHO.	2018–2019
Vatn: Samstarfsverkefni í vatns- og hreinlætisþjónustu með héraðsyfirvöldum í Úganda (Buikwe) og Malaví (Mangochi). Stuðningur við UNICEF í Mósambík (Zambesia).	● Á árinu voru teknir í notkun 158 vatnspóstarog brunnar sem hefur bætt aðgengi rúmlega 43 þúsund manns í héraðinu að drykkjarhæfu vatni. Frá upphafi verkefnastöðarinnar hafa 3 sveitarfélög í Mangochi-héraði, 189 þorp, náð vottun um að öll heimili í því sveitarfélagi hafi viðunandi hreinlætis-aðstöðu, aðgang að salerni og aðstöðu til handþvotta. Stutt var við stækkun á vatnsveitu og fiskimarkaði í Pakwach-héraði við Albertsvatn. Þar koma saman um 3.000 fiskisölumenn í hverri viku, um 70% konur. Aðstaða þeirra var bætt til muna, ekki síst hvað varðar hreinlæti. Í samstarfi við UNICEF var sett á laggirnar tilraunaverkefni þar sem unnið var að bættri vatns- og hreinlætis-aðstöðu fyrir flóttamannabyggðir í Norður-Úganda. Náði stuðningurinn bæði til flóttamanna og heimamanna. Um 12 þúsund manns nutu góðs af stuðningnum og hafa nú góðan aðgang að hreinu vatni. Verkefnið verður framlengt til 2022.	2018–2022
Jafnrétti: Stuðningur við UN Women, UNFPA, Jafnréttissjóð Alþjóðabankans og Jafnréttisskóla HSB á Íslandi.	● Heildarframlag til UN Women árið 2019 nam rúmlega 261,1 m.kr. og þar af voru kjarnaframlög 133,9 m.kr. M.a. var stutt við verkefni UN Women sem stuðla að pólitískri valdeflingu kvenna, efnahagslegri valdeflingu kvenna í flóttamannabúðum, þróun jafnréttisáætlunar í Malaví og verkefni til afnáms ofbeldis í Afganistan. Framlag til Jafnréttissjóðs Alþjóðabankans nam 200.000 USD. Sjóðurinn hefur skilað góðum árangri og núverandi jafnréttisstefna bankans byggist meðal annars á rannsóknnum og verkefnum sjóðsins. Kjarnaframlag til UNFPA var 30,5 m.kr. auk 21 m.kr. til verkefnis UNFPA og UNICEF til afnáms limlestingar á kynfærum kvenna og 50 m.kr. til UNFPA í Sírlandi. UNFPA naut stuðnings vegna kyn- og frjósemisverkefna í Malaví og Síerra Leóne. Framlag til Jafnréttisskóla HSB nam 117,2 m.kr. árið 2019.	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Markmið 2: Að bæta fæðuöryggi og örva hagþróun á grundvelli jafnaðar og sjálfbærrar auðlindanýtingar auk þess sem gripið verður til aðgerða vegna loftslagsbreytinga.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2018	Víðmið 2019	Raun 2019
Fiskimál: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Sjávarútvegsskóla GRÓ og fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarríkjum á ári.	Fjöldi nemenda: 24 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 59	Fjöldi hefur ekki verið áætlaður en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaaðila á honum má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 26 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	Fjöldi nemenda: 24 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 73
Orkumál: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Jarðhitaskóla GRÓ og þátttakendur í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarlöndum á ári.	Fjöldi nemenda: 24 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 108	Fjöldi hefur ekki verið áætlaður en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaaðila á honum má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 27 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	Fjöldi nemenda: 24 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 38
Landgræðsla: Fjöldi útskrifaðra nemenda úr Landgræðsluskóla GRÓ og þátttakendur í styttri námskeiðum á hans vegum í þróunarlöndum á ári.	Fjöldi nemenda: 17 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 49	Fjöldi hefur ekki verið áætlaður en miðað við þróun nemendafjölda síðustu ár og tillögur úttektaaðila á honum má gera ráð fyrir að nemendur verði í kringum 20 talsins. Fjöldi þátttakenda í styttri námskeiðum er óþekktur.	Fjöldi nemenda: 21 Fjöldi þátttakenda í námskeiðum: 50

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Jarðhiti og endurnýjanleg orka: Stuðningur við jarðhitarrannsóknir í Austur-Afríku og sérfræðiráðgjöf við Alþjóðabankann, Jarðhitaskóla HSP á Íslandi, ESMAP innan Alþjóðabankans og SE4ALL.	<ul style="list-style-type: none"> Í Eþíópíu fóru fram yfirborðsrannsóknir og í Kenía var sett upp rannsóknastofa og fyrsti þurrkari fyrir matvæli sem nýtir jarðhitagufu. Í samstarfi við UNEP var veittur stuðningur við Argeo-jarðhita-ríkjasamstarfið, öndvegissetur í jarðhita í Kenía og verkefni í Eritreu. Íslenskir jarðhita-sérfræðingar veittu m.a. ráðgjöf við teymi Alþjóðabankans í El Salvador og Fíji. ESMAP-sjóðurinn var styrktur með fjármagni og íslenskum jarðhitasérfræðingi. Framlag til SE4ALL nam rúmlega 25 m.kr og stuðningur við Jarðhitaskóla HSP 251 m.kr. 2019. 	2018–2019
Fiskimál: Stuðningur við Sjávarútvegsskóla HSP á Íslandi og fiskisamstarf innan Alþjóðabankans. Stuðningur við PROBLUE og sérfræðiráðgjöf á sviði sjávarútvegs.	<ul style="list-style-type: none"> ProBlue-sjóðurinn var styrktur með 400.000 USD. Stutt var við verkefni til varnar plasmengun í hafi og staða íslensks fiskimálasérfræðings fjármögnuð. Íslenskir sérfræðingar veittu ráðgjöf við teymi Alþjóðabankans í Albaníu, Bangladesh, Filippseyjum, Indónesíu og Víetnam. Skrifað var undir samkomulag við FAO um stuðning á sviði fiskimála. Stuðningur við Sjávarútvegsskóla HSP nam 222 m.kr. 2019. 	2018–2019
Landgræðsla: Stuðningur við Landgræðsluskóla HSP á Íslandi.	<ul style="list-style-type: none"> Framlög til Landgræðsluskólans numu 141.450 þ.kr. Skólinn rak sex mánaða nám fyrir starfandi sérfræðinga frá þróunarlöndum og hélt styttri námskeið í samstarfsríkjum. 	2018–2019
Umhverfis- og loftslagsmál: Green Climate Fund, WDF.	<ul style="list-style-type: none"> Ísland tók þátt í endurfjármögnunarferli Græna loftslagssjóðsins og mun greiða um 50 m.kr. árlega á tímabilinu 2021–2025. Sjóðurinn hefur nú fjármagnað 129 verkefni að upphæð 5,6 milljarðar USD. Ísland studdi Women's Environment and Development Organisation, (WEDO/WDF) sem beitir sér fyrir auknum hlut kvenna frá fátækari ríkjum í alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál. Fyrir stuðning Íslands voru haldnar fimm þjálfanir fyrir kvenkyns fulltrúa í samninganefndum. 	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið


Markmið 3: Að auka viðnámsþrótt samfélaga og flýta endurreisn með aukinni samhæfingu mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2018	Viðmið 2019	Raun 2019
Mannúðaraðstoð: Heildarfjöldi rammisamninga við áherslustofnanir og íslensk borgarasamtök.	4	7	9

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmd 2019	Tímabil aðgerða
Fríður, endurreisn samfélaga og sterkari innviðir: Framlög til OCHA, CERF, UNHCR, WFP, UNRWA, UNICEF, UNFPA og ICRC. Rammisamningur við borgarasamtök og áherslustofnanir. Eyrnamerkt framlög og liðsafl til áherslustofnana, ICRC og Alþjóðabjörgunarsveitarinnar/ Landsbjargar. INTOSAI, samstarf við héraðsstjórnir.	● Framlög veitt samkvæmt samningum til allra viðkomandi aðila. Þrír rammisamningar voru endurnýjaðir á árinu, við OCHA, CERF og UNHCR. Einnig eru í gildi rammisamningar við WFP, UNRWA, UNICEF, UNFPA vegna Sírlands, ICRC og DPA, auk samninga við borgarasamtök, verkefnasamningar, samningur við Alþjóðabjörgunarsveitina/Lands-björg og INTOSAI.	2018–2019

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila



Fjárhæðir í milljónum króna

(-) stendur fyrir jákvæða afkomu og (+) fyrir neikvæða afkomu.

Stiklað á stóru í starfsemi ráðuneytisins 2019

7. janúar

Guðlaugur Þór fundar með Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna í Washington. [Nánar >](#)



14. janúar

Norðurslóðir í brennidepli á fundi utanríkisráðherra Íslands og Finnlands. [Nánar >](#)

6. febrúar

Utanríkisráðherra fundar með Ann Linde. [Nánar >](#)

29. janúar

Utanríkisráðherra kynnrir sér árangur þróunarsamvinnu í Malaví. [Nánar >](#)



8. febrúar

Réttindi Íslenskra ríkisborgara tryggð eftir Brexit. [Nánar >](#)



15. febrúar

Utanríkisráðherra fundar með Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna í Hörpu. [Nánar >](#)

7. mars

Ísland í fararbroddi ríkja í gagnrýni á Sáði Arabíu í mannréttindamálum. [Nánar >](#)

25. febrúar

Ráðherra gagnrýndi mannréttindabrjóta í mannréttindaráði SP í Genf. [Nánar >](#)



15. mars

Utanríkisráðherrar Íslands og Þýskalands funda í Berlín. [Nánar >](#)



25. mars

Utanríkisráðuneytið hlýtur jafnlaunavottun. [Nánar >](#)

4. apríl

Utanríkisráðherra sótti 70 ára afmælisfund Atlantshafsbandalagsins. [Nánar >](#)

26. mars

Samkomulag Íslands og Bretlands á sviði öryggismála undirritað. [Nánar >](#)



5. apríl

Utanríkisráðherrar Íslands og Póllands ræða um tvíhliða samskipti. [Nánar >](#)

12. apríl

Ísland á meðal stofnenda mannréttindasjóðs Alþjóðabankans. [Nánar >](#)

13. apríl

Utanríkisráðherra ávarpar þróunarnefnd Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. [Nánar >](#)



23. apríl

Utanríkisráðherra Nýja-Sjálands í Íslandsheimsókn.

26. apríl

Ísland og UNESCO gera ramma-samning um þróunarsamvinnu. [Nánar >](#)

6. maí

Guðlaugur Þór fundar með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands. [Nánar >](#)

30. apríl

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál kynnt á Alþingi. [Nánar >](#)

7. maí

Ísland tekur við formennsku í Norðurskautsráðinu. [Nánar >](#)



10. maí

Utanríkisviðskiptaráðherra Bretlands fundar með ráðherra. [Nánar >](#)



20. maí

EES-ráðið fagnar 25 ára afmæli EES-samningsins. [Nánar >](#)

17. maí

Utanríkisráðherra á ráðherra-fundi Evrópuráðsins. [Nánar >](#)

21. maí

Ísland hlýtur viðurkenningu fyrir einarða baráttu fyrir jafnrétti á norrænu viðskiptaráðstefnunni Womenomics í Kaupmannahöfn. [Nánar >](#)



23. maí


Fyrsti norðurslóðaviðburðurinn í formennskutíð Íslands. Ráðstefna í Washington um viðskipti á norðurslóðum. [Nánar >](#)

28. maí

Stofnun samstarfsvettvangs um loftslagsmál og grænar lausnir. [Nánar >](#)

24. maí

Greitt fyrir útflutningi á íslenskum framleiðsluafurðum til Kína. [Nánar >](#)



7. júní

Efnahagssamráð við Bandaríkin og Japan. [Nánar >](#)



11. júní

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins í heimsókn á Íslandi. [Nánar >](#)

19. júní

Fyrsti stjórnarnefndarfundur Norðurskautsráðsins í formennskutíð Íslands haldinn í Reykjanesbæ. [Nánar >](#)



21. júní

Íslendingar jákvæðir í garð alþjóðastofnana og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. [Nánar >](#)



27. júní

Afvoðunarmál og Afganistan efst á baugi á fundi varnarmálaráðherranna. [Nánar >](#)

24. júní

Ráðherrafundur Fríverslunarsamtaka Evrópu EFTA í Liechtenstein. [Nánar >](#)

28. júní

Fundað um viðskipta- og efnahagsmál með viðskiptafulltrúa Bandaríkjanna. [Nánar >](#)

11. júlí

Ályktun Íslands um mannréttindaástand á Filippseyjum samþykkt. [Nánar >](#)

12. júlí

Mannréttindaráðið samþykkir ályktun Íslands um launajafnrétti. [Nánar >](#)

1. ágúst

Aldrei fleiri konur forstöðumenn sendiskrifstofa Íslands. [Nánar >](#)

16. júlí

Forsætisráðherra kynnr innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á ráðherrafundi SP í New York. [Nánar >](#)



9. ágúst

Milliríkjaviðskipti í brennidepli á fundi með bandarískum þingmönnum. [Nánar >](#)



21. ágúst

Utanríkisráðherra heimsækir Grænland. Ræðir við Ane Lone Bagger utanríkisráðherra Grænlands. [Nánar >](#)

4. september

Utanríkisráðherra og Mike Pence varaforseti Bandaríkjanna leiddu hringborðsumræður um viðskipti á fundi í Höfða. [Nánar >](#)



24. ágúst

Fríverslunarsamningur EFTA og Mercosur í höfn. [Nánar >](#)



10. september

Vel heppnuð ráðstefna um velferð og samfélagslega þátttöku ungmenna á norður-slóðum. [Nánar >](#)

10. september

Vaxandi samskipti Íslands og Indlands. Utanríkisráðherra hittir viðskiptanefnd frá Indlandi. [Nánar >](#)

11. september

Fundur utanríkisráðherra Norðurlandanna í Borgarnesi. [Nánar >](#)



12. september

Alþjóða- og öryggismál og mál-efni norðurslóða rætt á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystarasaltsríkjanna í Borgarnesi. [Nánar >](#)

23. september

Ísland í hópi ríkja sem gagnrýnir ástand mannréttindamála í Sádí-Arabíu í mannréttindaráði SP. [Nánar >](#)

20. september

Utanríkisráðherra fundar með lykilþingmönnum öldunga- og fulltrúardeildar Bandaríkjaþings í Washington D.C. [Nánar >](#)



27. september

Tveggja daga ráðstefnu utanríkisráðuneytisins fyrir kjöræðismenn lýkur. [Nánar >](#)



28. september

Utanríkisráðherra ávarpar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York. [Nánar >](#)

3. október

Efnahagssamvinna efst á baugi á Barentsráðsfundi í Svíþjóð. [Nánar >](#)

1. október

Skýrsla starfshóps um EES-samstarfið kemur út. [Nánar >](#)



9. október

Utanríkisráðherra heimsækir Síerra Leóne. [Nánar >](#)



17. október

Utanríkisráðherrar Norðurlanda og Þýskalands föggnuðu 20 ára afmæli sendiráðanna í Berlín. [Nánar >](#)

30. október

Björn Bjarnason verður höfundur nýrrar skýrslu um norræna alþjóða- og öryggissamvinnu. [Nánar >](#)

20. október

Utanríkisráðherra á ársfundum Alþjóðabankans og Alþjóðagjald-eyrissjóðsins. [Nánar >](#)



31. október

Utanríkisráðuneytið stendur fyrir ráðstefnunni Jafnrétti til útflutnings í samvinnu við Uppbyggingarsjóð EES, Portúgal og Noreg. [Nánar >](#)



1. nóvember

Stofnfundur Rússnesk-íslenska viðskiptaráðsins. [Nánar >](#)

15. nóvember

Ályktun um alþjóðlegan jafnlaunadag samþykkt einróma í mannréttindanefnd SP að frumkvæði Íslands. [Nánar >](#)



20. nóvember

Afvoðunarmál og ástandið í Sýrlandi efst á baugi utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins. [Nánar >](#)

26. nóvember

Utanríkisráðherrar ræðir norðurslóðir og viðskipti við Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands. [Nánar >](#)

21. nóvember

Fólk og samfélög í brennidepli á Hveragerðisfundi Norðurskautsráðsins. [Nánar >](#)



29. nóvember

Utanríkisráðherra á norðurslóðaráðstefnu í Finnlandi. [Nánar >](#)

3. desember

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sækja fund leiðtoga Atlantshafsbandalagsins í London. [Nánar >](#)

16. desember

Ísland og UNESCO gera samkomulag um þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu. [Nánar >](#)



13. desember

Mannréttindaráðið samþykkir tillögur Íslands um hagræðingu. [Nánar >](#)

31. desember

Uppsögn Hoyvíkursamningsins, fríverslunar- og efnahagssamnings Íslands og Færeyja, afturkölluð. [Nánar >](#)

